

Starfsreglur Starfsmenntunarsjóðs VFÍ

1. Aðild að sjóðnum eiga þeir félagsmenn í VFÍ sem greitt er reglulega fyrir í sjóðinn.

2. Réttindi

Sjóðfélagar öðlast rétt til hámarksstyrks eftir fimm ára sjóðsaðild og hlutfallslega fram að þeim tíma. Hámarksstyrkur er kr. 180.000. Réttur til styrks eykst um kr. 36.000 á ári. Hámarksréttindi eru 360.000 kr. og hækka ekki umfram það. Réttur til greiðslu öðlast fyrst, hámark 36 þúsund krónur, eftir eins árs sjóðsaðild. Þegar styrkur er veittur lækka áunnin réttindi til styrks um sömu upphæð og greiddur styrkur. Þetta á einnig við um styrki til tölvukaupa sbr. 6. gr

3. Hlé eða rof á sjóðsaðild

3.1 Launalaust leyfi

Sjóðfélagi í launalaus leyfi á rétt á styrk samkvæmt reglum sjóðsins fyrstu 6 mánuði í leyfi að öðrum skilyrðum uppfylltum.

3.2 Atvinnuleysi

Fyrirverandi sjóðfélagar, sem eru atvinnulausir, geta sótt um og fengið styrk úr sjóðnum ef umsækjandi hefur átt aðild að sjóðnum í a.m.k. fimm ár og ekki liðnir meira en 12 mánuðir síðan hann missti vinnu og hann skilað félagsgjaldi.

3.3 Láti sjóðfélagi af störfum

Láti félagsmaður af störfum og fari á eftirlaun eða missi starf sitt og verði atvinnulaus heldur hann áunnum réttindum í eitt ár frá því að greiðslur hætta að berast í sjóðinn.

3.4 Rof á greiðslum

Hætti greiðslur að berast í sjóðinn vegna félagsmanns sem skiptir um starf, þá er hann ekki lengur sjóðfélagi og á ekki rétt á styrk úr sjóðnum frá þeim tíma sem greiðslur hætta að berast sjóðnum. Samþykkt umsókn sem berst meðan félagsmaður er enn aðili að sjóðnum heldur þó gildi sínu í 12 mánuði.

4. Styrkir

4.1 Styrkir eru veittir einstökum sjóðfélögum til:

- Að sækja námskeið og/eða ráðstefnur.
- Að stunda nám innanlands eða utan.
- Rannsókn og þróunarverkefna.
- Sjálfsnáms, t.d. til kaupa á fagbókum, sérhæfðum forritum.
- Til kaupa á tölvubúnaði, en um þau kaup gilda sérstakar reglur.

4.2 Styrkir til Verkfræðingafélags Íslands

- a. Námskeiðahalds á vegum þess eða í samstarfi við aðra.
- b. Öflunar fagrita.
- c. Að skapa aðstöðu til endurmenntunar.

4.3 Heimilt er að taka við umsóknum frá vinnuveitendum fyrir þar til greinda sjóðfélaga til námskeiða eða ráðstefnuhalds.

5. Styrkhæf verkefni

Styrkir eru veittir til að standa straum af kostnaði umsækjanda, námskeiðs-, ráðstefnu- eða námskostnaði, ferðakostnaði og dagpeningum innan lands eða utan, kostnaði við rannsókn- og þróunarverkefni eða sjálfsnám. Ferðakostnaður miðast við almenn fargjöld og greiðist í samræmi við reglur ferðakostnaðarnefndar ríkisins. Dagpeningar greiðast fyrir þann dagafjölda sem námskeið eða ráðstefna tekur, auk eins dags vegna ferða.

6. Tölvukaup

Styrkir sbr. 4. e til kaupa á tölvubúnaði skulu ekki vera hærri en 90% af innkaupsverði og að hámarki 120.000 kr. Styrkur til kaupa á tölvubúnaði er hluti almennra réttinda sbr. grein 2 og endurnýjast á sama hátt. Þessir styrkir eru tengdir afkomu sjóðsins og skulu aðrar umsóknir hafa forgang.

7. Umsóknir og afgreiðsla

7.1 Umsóknum skal skilað á rafrænu umsóknareyðublaði til Starfsmenntunarsjóðs VFÍ sem er að finna á vef félagsins <http://www.vfi.is>

7.2 Á umsókn skal vera lýsing á námi eða verkefni sem styrkur skal renna til, áætlaður kostnaður auk þess skal tilgreint hvenær og hvar fyrirhugað er að stunda námið eða vinna verkefnið. Stjórn sjóðsins hefur heimild til þess að óska eftir frekari upplýsingum.

7.3 Greiðslur úr sjóðnum skulu að jafnaði fara fram eftir á gegn framvísun reikninga í frumriti og annarra gagna sem sanna að styrkur nýtist til þeirra verkefna sem ætlað.

Starfsreglur samþykktar á stjórnarfundi Kjaradeildar VFÍ 1. nóvember 2017

Breytingar samþykktar á fundi stjórnar sjóðsins 14. nóvember 2024 og samþykktar af stjórn Kjaradeildar.